



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

1. júlí 2016

Tilvísun: 2012100052

Efni: Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum vegna tæknistaðla CRD IV/CRR

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út sex umræðuskjöl, nr. 3 – 8/2016. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum til að innleiða tæknilega staðla sem fylgja CRD IV löggjöfinni. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Regludrögin útfæra ýmis tæknileg atriði sem snúa að eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækja, eiginfjárukum, útlánaáhættu og stórar áhættuskuldbindingar, sbr. umræðuskjöl nr. 3, 4, 7 og 8/2016. Í umræðuskjali 5/2016 eru drög að reglum um gagnaskil fjármálafyrirtækja vegna m.a. eiginfjárfrafna, stórra áhættuskuldbindinga og vogunarhlutfalls. Í umræðuskjali nr. 6/2016 eru drög að reglum sem útfæra nánar tæknileg ákvæði að því er varðar upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið tekur sérstaklega fram að samþykkt reglnanna er háð því að frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem liggur fyrir á Alþingi, sbr. 589. mál, verði samþykkt. Endanlegar reglur verða því settar eftir að frumvarpið er orðið að lögum. Frumvarpið er eitt af forgangsmálum núverandi ríkisstjórnar. Samþykkt reglnanna er einnig háð því að fjármála- og efnahagsráðuneyti hafi sett reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja á grundvelli 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Drög að slíkri reglugerð eru tilbúin, en samþykkt reglugerðarinnar er einnig háð framgangi fyrrnefnds frumvarps.

Fjármálaeftirlitið mun gefa fjármálafyrirtækjum kost á að gera athugasemdir við drögin. Frestur til að senda inn umsagnir vegna regludraganna er til 31. ágúst nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Halldóra E. Ólafsdóttir


Hjálmar S. Brynjólfsson